

Nd.

## 548. Tillaga

til þingsályktunar um meðferð lánsfjár og starfsfjár.

Flm.: Jónas Þorbergsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um meðferð lánsfjár og starfsfjár bæjarfélaga, stofnana og atvinnufyrirtækja, þar sem ríkissjóður á hagsmuna sinna að gæta og þar sem stofnanir eða fyrirtæki eru rekin að meira eða minna leyti á ábyrgð ríkisins.

Löggjöf þessi skal miða til þess:

- 1) Að færa launagreiðslur bæjarfélaga og stofnana, þar sem ríkissjóður hefir hagsmuna að gæta, til samræmis við launagreiðslur fyrir hliðstæð störf við stofnanir ríkisins og til hæfis fjárhagslegri getu þjóðarinnar.
- 2) Að setja skilyrði fyrir lánveitingum úr hönkum, er ríkissjóður ábyrgist, og skulu skilyrðin miða til þess:
  - a. Að koma til leiðar hagkvæmara og kostnaðarminna skipulagi í stjórn útgerðar og verzlunar í landinu.
  - b. Að koma til leiðar hlutaskiptum í útgerð, þar sem henni verður við komið.

### Greinargerð.

Alþingi hefir með skipun þingnefndar, sem ætlazt mun vera til, að starfi einnig milli þinga, gert ráðstöfun til þess, að leitast verði fyrir um sparnað í rekstri ríkisins og stofnana þess.

Nú hefir ríkið hagsmuna og fjár síns að gæta viðar í þjóðfélaginu heldur en í rekstri þeirra stofnana, sem starfa beinlínis á vegum þess.

Ríkið stendur þegar í miklum ábyrgðum fyrir ýms bæjar- og sýslufélög án þess að hafa eða gera sér far um að hafa íhlutun um það, hvernig fjárhagsmálum þeirra er stjórnað.

Ríkið leggur árlega fram mikið fé og gengur í miklar ábyrgðir fyrir einstök félög og stofnanir, þar sem um áhættusaman atvinnurekstur er að ræða (Eimskipafélag Íslands, útgerðar- og samvinnufélög o. fl.), án þess að gera sér far um minnstu íhlutun um meðferð á starfsfé þessara stofnana.

Bankar landsins starfa nú allir á ábyrgð ríkisins. Á síðastliðnum tug ára mun beint tap á starfsfé þessara stofnana nema nálægt 35 milljónum króna. Hefir ríkið á þessu tímabili bundið gifurlegum ábyrgðum og beinum fjárframlægum, til þess að forða bönkunum frá fjárskorti og jafnvel hruni.

Þrátt fyrir það, að ýmsar stofnanir þjóðfélagsins starfa þannig að mjög miklu leyti með fé ríkisins, og í raun réttir á ábyrgð þess, hefir ríkið engar ráðstafanir gert til þess að stilla í hóf launagreiðslum við þessar stofnanir og meðferð starfsfjár þeirra í daglegri starfrækslu. Munu þessar stofnanir ekki hafa

af sjálfshvötum gert slíkar ráðstafanir. Enda er það kunnugt, að launakjör svo nefndra starfsmanna ríkisins flestra eru lítt sambærileg við launakjör manna við ýmsar þær stofnanir, sem starfa með fé þess að einhverju leyti og að miklu leyti á ábyrgð þess, og sem ættu, eigi síður en sjálfar ríkisstofnanirnar, að sníða sér stakk eftir vexti þjóðarinnar og fjárhagslegri getu. Þannig hafa sumir banka- stjórar tvöföld laun til móts við hæstlaunuðu embættismenn ríkisins, og for- stjórar sumra stofnana annara viðlíka há laun. Munu og starfsmannalaun í slíkum stofnunum að öðru leyti vera sníðin að nokkru til hlutfalls við þessi gífurlega háu forstjórالاun.

Með tillögnum er farið fram á það, að með lögum verði launagreiðslum í stofnunum, sem eru að miklu leyti handbendi ríkissjóðs, stillt til hófs og samræmis við launagreiðslur fyrir hliðstæð störf í stofnunum ríkisins. Liggur í augum uppi, að gífurlegur mismunur á launagreiðslum í þessum stofnunum og ríkisstofnunum er bæði ranglátur og mjög skaðlegur ríkisstofnunum, þar sem hann gerir þeim örðugt fyrir um að hafa í þjónustu sinni góða starfskrafta og að fá störfun unnin með trúmennsku og starfsgleði. Loks eru slíkar launa- greiðslur í ósamræmi við fjárhagslegar ástæður stofnana þjóðarinnar og þjóð- arinnar allrar.

Samkvæmt 2. tölulið tillögunnar er gert ráð fyrir, að með lögum verði sett skilyrði fyrir lánveitingum úr bönkunum. Um nokkrar starfsdeildir bank- anna (veðdeildir, Byggingar- og landnámsjóð, Ræktunarsjóð) eru þegar með lögum settar ákveðnar reglur og skilyrði fyrir lánveitingum. Hinsvegar votta hin gífurlegu fjártöp bankanna á undanförunum árum um það, að tryggingum gegn lánveitingum þeirra hefir verið meira en lítið áfátt. Enda mun það vera á almanna vitorði, að mestur hluti af lánum bankanna til þess atvinnurekstrar, sem er háður mestri áhættu, hafa verið veitt gegn ónógri og jafnvel engri tryggingu.

Samkvæmt undangenginni reynslu má telja, að mestur hluti af sjávar- útgerð landsins sé í raun rétttri rekinn á ábyrgð ríkisins, að því leyti sem hún starfar mestmegnis með fé bankanna. Fjártöp útgerðarfyrirtækjanna koma nið- ur á bönkunum. Og þegar bankarnir síðan komast í fjárhagsörðugleika, verður ríkið að hlaupa undir bagga og leggja fram stórfé og ábyrgðir.

Það verður að teljast algerlega ósamrýmanlegt við heilbrigða skynsemi og gætni í stjórn fjármála af hendi ríkisins, að afhenda þannig gífurlega mikla fjármuni í hendur ýmsum stofnunum og áhættufyrirtækjum í landinu án minnstu ihlutunar um meðferð slíks lánsfjár og starfsfjár. Meðan slíkt eftir- litsleysi ríkir og sú óspilunarsemi, sem því verður jafnan samfara, halda fjár- munir bankanna og þar með allrar þjóðarinnar áfram að renna út í sandinn.

Haldbezta trygging lánsfjár og starfsfjár verður sú, að fénu sé jafnan beitt með hófsemi og fyrirbyggju. Tillagan gerir ráð fyrir, að með skilyrðum fyrir lánveitingum verði leitazt við að hafa áhrif á stjórn atvinnurekstrar, sér- staklega sjávarútgerðarinnar. Það er kunnugt, að óhóflega miklu fé er varið til útgerðarstjórnar togaraflotans. Togarar í landinu munu vera 38. Þessum flota er stjórnað af 19 skrifstofum; þó eru framkvæmdarstjórar fleiri en skrif-

stofurnar, eða 24. Af þessu mætti verða ljóst, að óeðlilega miklu fé sé varið til þess að stjórna þessum atvinnurekstri, sem þó á við mikla örðugleika að stríða.

Í öðru lagi er í tillögunni gert ráð fyrir, að með skilyrðum fyrir lánveitingum verði leitast við að koma á hlutaskiptum í sjávarútgerð, þar sem þeim verður komið við. Hingað til hefir við flest hin stærri útgerðarfyrirtæki ráðið blint bandahóf um kaupgreiðslur, þar sem kaupgjaldið er ákveðið fyrirfram, áður en vitað verður um niðurstöðu atvinnurekstrarins á hverjum tíma. Sú skoðun er nú mjög að ryðja sér til rúms, að kaupgjaldi við útgerðarfyrirtækin eigi að ráða „sannvirði vinnunnar“ á hverjum tíma. Sjá allir heilvita menn, að sannvirði vinnunnar verður ekki fundið fyrirfram, heldur verður að leita þess eftir á, þ. e. með hlutaskiptum. Jafnframt slíkri tilhöggun yrðu að koma tryggingsjóðir bak við atvinnuvegina, sem bæru atvinnufyrirtækin og verkalýðinn yfir örðugleikatímabilin.

Nánar í framsögu.